



Þingeyjarsveit

590602-2640
Kjarna - 650 Laugar
Sími: 464 3322 – Bréfsími: 464 3422
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is
www.thingeyjarsveit.is

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
nefndarsvid@althing.is

Laugar 28.01.2021
Málsnr. 2101023

Efni: Umsögn Þingeyjarsveitar um frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð, þingskjal 461 – 369. mál.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar telur að gott samráð hafi verið haft við sveitarstjórnir á svæðinu við undirbúningsvinnu að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands og tekur undir þau markmið sem sett eru fram í 3. gr. frumvarpsins um Hálandisþjóðgarð.

Sveitarstjórn telur að Hálandisþjóðgarður geti haft jákvæð áhrif á byggðaþróun í nærliggjandi byggðum og þar með í Þingeyjarsveit en í tillögum og áherslum þverpólískrar nefndar um Hálandisþjóðgarð er lagt til að Fosshóll við Goðafoss verði ein af þjóðgarðsgáttum inn í þjóðgarðinn. Þá er mikilvægt að tryggja fjármagn til innviðauppbygginga svo sem uppbyggingu vega og þjónustumiðstöðva ef markmið 5. mgr. 3. gr. frumvarpsins eigi fram að ganga.

Mikil umræða hefur verið um skipulagsvald sveitarfélaga og með frumvarpinu væri verið að taka af sveitarfélögum lögbundið skipulagsvald.

Vissulega er verið að kalla fleiri að borðinu til ákvarðanatöku en það stjórnskipulag sem sett er fram í frumvarpinu eru sveitarstjórnir ráðandi aðili í stjórnkerfi Hálandisþjóðgarðs með setur í umdæmisráðum og stjórn.

Til að tryggja góða tengingu milli umdæmisráða og stjórnar þjóðgarðsins við sveitarstjórnir er krafa um að fulltrúar komi úr hópi kjörinna sveitarstjórnarmanna eða framkvæmdastjóra sveitarfélaganna. Sveitarstjórn telur þetta lykilatriði og að hér sé ábyrgð sveitarstjórnarfulltrúa mikil svo stjórnskipulag sem þetta, sem er í grunnin flókið, geti virkað í raun.

Þá fagnar sveitarstjórn þeirri breytingu sem ráðherra gerði á frumvarpinu, að fella út ákvæði um að sveitarstjórnir væru bundnar af stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins fyrir landsvæði innan hans. Það eykur vægi sveitarstjórna inn í stjórnkerfi Hálandisþjóðgarðs.


Þess ber að geta, í ljósi umræðu um skert skipulagsvald, að þó um sé að ræða 32% af flatarmáli Íslands, sem myndi ná yfir Hálendisþjóðgarð, þá er tæplega helmingur þess svæðis nú þegar friðlýstur og allt svæðið þjóðlenda. Ákveðin lög og reglur gilda nú þegar á þessu svæði sem hafa fram til þess haft áhrif á skipulag sveitarfélaga.

Sveitarstjórn lítur svo á að með stofnun Hálendisþjóðgarðs sé verið að formgera þann vettvang umræðu og ákvörðunartöku um landnýtingu og þróun þessa svæðis þar sem sveitarfélögin sem aðild eiga að miðhálendinu hafa ráðandi aðild.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er jákvæð gagnvart stofnun Hálendisþjóðgarðs en leggur áherslu á eftirfarandi:

- Umræðan hefur snúist um orkunýtingu og raforkuflutning en gert er ráð fyrir að orkunýting innan þjóðgarðs taki mið af stefnu stjórnvalda hverju sinni.
- Þriðji áfangi verndar- og orkunýtingaráætlunar (rammaáætlun) er enn óafgreidd á Alþingi.
- Þá er ekki gert ráð fyrir að háspennulínur í lofti verði leyfðar innan þjóðgarðs.

Það er álit sveitarstjórnar að nauðsynlegt sé að útkljá ágreining um þessi atriði áður en kemur til stofnunar Hálendisþjóðgarðs.

Með kveðju,

Dagbjört Jónsdóttir
Sveitarstjóri Þingeyjarsveitar